



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 18. maí 2017  
1504009 SB

**Varðar: Tillögu að samkomulagi um miðlun upplýsinga v.daggæslu í heimahúsum**

Á stjórnarfundum SSH hinn 8. maí s.l. lá fyrir tillaga skólamálanefndar SSH að samkomulagi sveitarfélaganna um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samkomulagið verði samþykkt.

Tillagan fylgir hjálagt.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson  
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Tillaga að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær gera með sér svofellt

## Samkomulag

### um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

#### 1. gr.

##### Markmið

Markmið þessa samkomulags er að sveitarfélög búi yfir réttum upplýsingum um fjölda barna hjá hverju dagforeldri með því að fá upplýsingar um fjölda barna, sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, en eru í daggæslu í heimahúsi í viðkomandi sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að sveitarfélögin geti sinnt lögboðnu eftirliti með starfsemi dagforeldra, sbr. 4. gr. og 35. gr. reglugerðar um daggæslu í heimahúsum, nr. 907/2005.

Markmið samkomulagsins er enn fremur að sveitarfélög fái upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum um dagforeldra sem flytja á milli sveitarfélaga og sækja um nýtt leyfi í nýju sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að ákvarðanir félagsmálanefnda um leyfisveitingu séu byggðar á réttum grunni, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

#### 2. gr.

##### Upplýsingar um fjölda barna

Sveitarfélög skulu halda utan um upplýsingar vegna barna, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og eru í daggæslu í heimahúsi í öðrum sveitarfélögum. Upplýsingum skal miðlað til viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag A skal miðla eftirfarandi upplýsingum til sveitarfélags B:

1. Nöfn dagforeldra í sveitarfélagi B sem eru með börn í gæslu frá sveitarfélagi A.
2. Fjöldi barna frá sveitarfélagi A sem eru í dvöl hjá hverju dagforeldri í sveitarfélagi B.
3. Upphafstími dvalar hvers barns.

Miðlun upplýsinga skal fara fram að lágmarki fjórum sinnum á ári, eigi síðar en í lok mars, lok júní, lok september og lok desember, og þegar þess er óskað.

#### 3. gr.

##### Umsögn um dagforeldri

Komi fram beiðni frá öðru sveitarfélagi, sem hefur til afgreiðslu umsókn um leyfi til daggæslu í heimahúsi, skal sveitarfélag veita umsögn um dagforeldri, hafi umsækjandi haft leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í sveitarfélaginu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Í umsögn skal upplýst um lengd starfstíma, fjölda kvartana og meðaldvalartíma barna hjá viðkomandi dagforeldri.

#### 4. gr.

##### Miðlun upplýsinga

Ávallt skal gæta að því að miðlun upplýsinga fari fram með öruggum hætti og gætt sé að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

**5. gr.**

**Gildistaka**

Samkomulag þetta er ótímabundið og tekur gildi við undirritun.

Kópavogi, \_\_\_\_\_

F.h. Garðabæjar

\_\_\_\_\_

F.h. Kópavogsbæjar

\_\_\_\_\_

F.h. Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

\_\_\_\_\_

F.h. Mosfellsbæjar

\_\_\_\_\_

F.h. Seltjarnarnesbæjar

\_\_\_\_\_